

Sorpurðun Vesturlands  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. janúar 2015  
Tilvísun: UST20141000011/edk

## Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 9. október sl. þar sem áformað var að áminna Sorpurðun Vesturlands vegna þriggja frávíka frá starfsleyfi. Rekstraraðili sendi viðbrögð við bréfinu 10. og 22. október sl. Frávikin sem um ræðir eru eftirfarandi:

- Mælingar á hauggasi skulu fara fram mánaðarlega, þá skal mældur þrýstingur, metan, koldíoxíð og súrefni og fjórum sinnum á ári, vetnissúlfíð og vetni, en þær eru enn ekki hafnar. Í ákvæði 5.2 í starfsleyfi er m.a. kveðið á um mælingar á þrýstingi og samsetningu hauggass. Skv. reglugerð nr. 294/2014 hefðu mælingar á hauggasi átt að hefjast með gildistöku hennar, eða 26.mars.sl.
- Rekstraraðili skal koma upp söfnunarkerfi og safna hauggasi. Engar áætlanir eða framkvæmdir eru hafnar vegna þessa. Samkvæmt ákvæði 3.4 í starfsleyfi og 2. gr. reglugerðar nr. 294/2014, bar rekstraraðila að senda framkvæmdaáætlun um hauggassöfnun f. 1.júní.sl. og hefja söfnun fyrir 14.júlí 2014.
- Rekstraraðili hafði ekki sent Umhverfisstofnun umhverfismarkmið sín þegar eftirlit fór fram. Samkvæmt ákv. 2.1 í starfsleyfi bar rekstraraðila að setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. júní sl. Þann 22. október sl. sendi rekstraraðili drög að umhverfismarkmiðum til Umhverfisstofnunar.

Þann 10. október sl. barst Umhverfisstofnun afrit af bréfi frá rekstraraðila til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem rekstraraðili ítrekar beiðni sína um fund með ráðherra, þar sem meðal annars er fjallað um þá ákvörðun ráðuneytisins, sbr. bréf 17. september sl., að hafna beiðni rekstraraðila um tímabundna undanþágu frá kröfum um söfnun hauggass. Meðfylgjandi er minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem var tekið saman sem viðbrögð við ákvörðun ráðuneytisins. Umhverfisstofnun lítur svo á, nú sem fyrr, að rekstraraðila beri að safna hauggasi í samræmi við ákvæði starfsleyfis og reglugerð um urðun úrgangs. Frávik er snúa að mánaðarlegum mælingum á hauggasi og söfnun hauggas eru því enn útistandandi.


**Umhverfisstofnun veitir Sorpurðun Vesturlands áminningu, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, vegna tveggja ofangreindra frávíka, sem varða mælingar á hauggasi og söfnun á hauggasi. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til úrbóta til og með 29. janúar 2015.**


Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Samkvæmt 28. gr. sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013 innheimtir Umhverfisstofnun gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum laga og reglugerða. Samkvæmt verkbókhaldi nemur vinna við eftirfylgni frávikana 4 klst á árinu 2014. Tímagjald stofnunarinnar er 11.200. Verður því gefinn út reikningur fyrir kr. 44.800. Vinna við mat á úrbótum kann að leiða til frekari kostnaðar.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands